

Ed.

87. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning lagasetningar um heimilisfang.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing eða það þing, sem nú situr, verði því frestað, frv. til laga um heimilisfang.

Greinargerð.

Úr ýmsum stöðum hafa borizt kvartanir um það, að talsverður glundroði sé á um heimilisfang manna hér á landi, enda verður því ekki neitað, að laga-fyrirmæli vantar um heimilisfang eða lögheimili. Þessi ágalli löggjafarinnar hefir komið skýrar í ljós en áður, eftir að útsvarslögina frá 1926 komu í gildi. Samkvæmt þeim er venjulega ekki heimilt að leggja útsvar á menn nema þar, sem þeir eiga heimili. Nú eru útsvör mjög mismunandi í hinum ýmsu bæjar- og sveit-arfélögum á jafnháar eignir og tekjur eða sömu efni og ástæður. Fyrir því er hætt við, enda til þess ýms dæmi, að gjaldendur reyna að telja sig til heimilis þar, sem þeir telja von lágra útsvara, jafnvel þótt þeir dvelji að mestu eða hafi atvinnu á öðrum stað. Sjálfsagt má og finna þess dæmi, að menn koma sér undan lög-ákveðnum gjöldum með því að telja sér hvergi heimili.

Úr þessu þarf að bæta, og það verður ekki gert nema með nýrri löggjöf, en með því að undirbúningur hennar, og rannsókn þessa máls yfirleitt, tekur meiri tíma en þingnefnd hefir yfir að ráða, hefir n. þótt rétt að flytja till. þessa.

Hv. þm. Dal. hefir á þskj. 39 flutt frv. um breyting á útsvarslögunum, og virðist grg. þess bera það með sér, að tilgangi hans með frv. verði náð, ef við-eigandi löggjöf verður sett um heimilisfang. Nefndin mun því ekki, ef tillaga þessi verður samþykkt, afgreiða það frv. sérstaklega, enda er hún á einu máli um það, að tilgangi þess verði betur náð með nýrri löggjöf um heimilisfang en með breytingu þeirri á útsvarslögunum, sem það ráðgerir.